

um frv. til l. um heimild til verðstöðvunar.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki getað náð samkomulagi um afstöðu til þess. Undirritaður meiri hl. n. leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila sérálitum.

Það er kunnugt, að um alllangt skeið hafa verðhækkanir verið meiri hér á Íslandi en í helztu viðskiptalöndum okkar. Þótt menn greini á um orsakir verðbólgunnar og sér í lagi um það, hverjir eigi einkum sök á henni, er varla ágreiningur um hitt, að hún hefur haft óheppileg áhrif á ýmsa þætti efnahagslífsins, þannig að æskilegt hefði verið, að henni hefði mátt halda meira í skefjum en raun er á. En þrátt fyrir verðbólguna hefur þó vöxtur þjóðartekna verið meiri undanfarin 5—6 ár en nokkru sinni fyrr í sögu þjóðarinnar og atvinna verið næg. Stafar þetta að okkar álitum jöfnum höndum af hagstæðri viðskiptaþróun á erlendum mörkuðum og skynsamlegri stefnu í efnahagsmálum af hálfu stjórnvalda. En sú hagstæða verðlagsþróun, sem átt hefur sér stað, að því er snertir mikilvægustu útflutningsafurðir okkar allt frá árinu 1961, hefur á þessu ári a. m. k. í bili snúizt við.

Það er því sýnt, að útflutningsatvinnuvegum okkar er voði búinn, ef áframhald verður á þeirri verðlagsþróun innanlands, sem verið hefur. En samdráttur í útflutningsatvinnuvegunum mundi valda atvinnuleysi og áður en langt um liði öngþveiti í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Brýnni nauðsyn ber því til en nokkru sinni fyrr, að gerðar verði allar tiltækar ráðstafanir til þess að stöðva áframhaldandi verðbólgu, og teljum við frv. það, er hér liggur fyrir, óhjákvæmilegt skref í þá átt.

Við fullyrðum að vísu engan veginn, að verðstöðvun ein, þótt hún heppnaðist, nægi til þess að leysa fjárhagsvandræði þeirra greina útflutningsframleiðslunnar, sem verst eru staddar. En hitt er skoðun okkar, að sá vandi, sem við er að etja í því efni, verði meiri, ef sú víxlhækkun vöruverðs og framleiðslukostnaðar, sem átt hefur sér stað að undanfögnu, heldur áfram, og meiri von verður til þess, að leysa megi þennan vanda, án þess að gripa þurfi til ráðstafana, er hafi í för með sér veruleg óþægindi fyrir almenning og röskun á efnahagskerfinu, ef verðstöðvun nú tekst.

Sú mótbára hefur verið borin fram gegn þessu frv., að það sé í rauninni óþarft, þar sem stjórnarvöld hafi þegar allar þær heimildir, er máli skipti fyrir tilgang frv.

Að vísu eru í núgildandi lögum um verðlagseftirlit fyrir hendi allviðtækar heimildir fyrir opinberri íhlutun um verðlagsmál. Að okkar álitum eru þessar heimildir þó allmiklu þyngrri í vöfum — svo sem nánari grein verður gerð fyrir í framsögu — en þær, sem frv. veitir, og í öðru lagi veitir frv. heimild til allmiklu viðtækari íhlutunar um þessi efni en heimil er nú.

Þá ættu og þau ákvæði 1. gr. frv., að leyfi til verðhækkana skuli háð samþykki ríkisstjórnarinnar, að tryggja meiri heildarstjórn þessara mála en er með því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, þar sem fleiri opinberar nefndir hafa með höndum hver sinn þátt verðlagsmálanna. Okkur er ljóst, að árangur verðstöðvunarinnar verður öðru fremur undir því kominn, hvern skilning almenningur og hin ýmsu hagsmunasamtök hans sýna þeirri stefnu, sem með henni er mörkuð. En við teljum, að auk þeirra beinu verðstöðvunaráhrifa, sem skynsamleg framkvæmd þessara laga getur haft, geti það einnig haft mikilvæg óbein áhrif, að Alþingi og ríkisstjórn lýsa þeim vilja sínum að stöðva verðbólguna með tiltækum úrræðum á þann hátt, sem gert mundi með samþykkt þessa frv.

Menn getur samkvæmt áðursögðu greint á um orsakir verðbólgunnar, enda er þar um flókna og margslungna orsakakeðju að ræða, og erfitt að gefa hverjum einstökum þætti hennar sitt rétta gildi. En ekki er vafi á því, að einn mikilvægasti hlekkur þessarar orsakakeðju er einmitt verðbólguhugarfarið, sem einn kennist af því, að menn búast í sífellu við nýjum verðhækkunum og miða afhafnir sínar við það.

Skýrt mótuð stefna Alþingis og ríkisstjórnar í þá átt, sem í frv. felst, getur að okkar áliti orkað verulegu í þá átt að eyða verðbólguhugarfarinu og skapa þannig grundvöll hagstæðari verðlagsþróun en verið hefur.

Alþingi, 16. des. 1966.

Ólafur Björnsson,  
form., frsm.

Jón Þorsteinsson,  
fundaskrifari.

Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.